

EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 4/7-5/7 2017

Nafn fyrirtækis: Landsnet

Fjöldi klst: 12

Tengiliður fyrirtækis: Þórarinn Bjarnason

Framkvæmdasvæði: Kröflu- og Þeistareykjalína

Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Lega línuvegjar með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og frágangur vinnusvæða, sbr. samning um sérstakt eftirlit Umhverfisstofnunar með framkvæmdum Landsnets vegna framkvæmda við Þeistareykjalínu 1 og Kröflulínu 4, og sbr. álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Staða verks: Settir úr vegir frá m-27 til m-36 sem er endi línunnar við Hrafnabjörg. Skoðuð möguleg efnistaka úr námu HS-9 sem nær yfir nokkuð stórt svæði þar á meðal malarhjalla sem liggur mjög hátt eða við línustæðið. Reyna ætti í fyrstu að taka efni neðar af þessu svæði eða á mel þar sem stikuð var leið línuvegjar neðst á efnistökusvæðinu. Þarna væri hægt að taka prufuholur í vegstæðinu. Efni virðist í fyrstu grófara á neðra svæðinu en ofar í hjallanum.

Ábendingar: Á kaflanum frá Leirhnúkshrauni að m-36 ætti að sá eins fljótt og kostur er einærum grastegundum í skeringar sem teknar hafa verið í mjög fínefnaríka mold. Þar sem þarna gæti verið hætta á uppblæstri. Leggja áherslu á að fjarlægja rastir og stórgrýti úr köntum. Þetta mætti framkvæmda með nokkuð fljótvirkum hætti ef notuð er hjólagrafa og vörubíll.

Eftirlitsmaður mun hafa samband við Umhverfisstofnun þegar frágangur hefst eða þegar ástæða þykir til.

Frávik:

Niðurstaða eftirlits: Námur eru ófrágengnar sem og loka snyrting línuveggar. Umgengni verktaka er góð.

Fylgiskjöl:

Björn Stefánsson

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.